

þegja. Af einhverjum ástæðum hafa þeir tunguhaft. En heyr-ist einhverjar raddir frá vorri hálfu, þá er því enginn gaumur gefinn, það er þá rétt eins og heyri menn *hundgá í fjarska* eða *úlfapyt í skógum úti*, og skjótlega leggja menn lykkju á leið sína til þess að sneiða hjá vörgum þessum. Þeir, sem þá fælast oss, eru ekki andstæðingar vorir, heldur vinir vorir, sem þeir kalla sig. Andstæðingar vorir þegja, þeir sjá þann kostinn beztan, og þeir ætlast til, að úlfarnir rífi hver annan í sundur. Enda vita þeir vel, að svangur úlfur er skaðræðis dýr.

Í Dakota reyndu nokkrir frjálslyndir menn, — sumir þeirra hinir mestu ræðuskörungur og beztu menn, sem vér eigum, — að mynda frjálslynt félag. En kuldinn og afskiptaleysið og þrekleysið landans varð því að tjörlesti, og var þó fjörmikið um tíma. Og heyri eg, að sumir þeirra, sem þar voru með, sé nú orðnir kyrkjústólpar miklir. Í Selkirk var myndaður söfnuður eftir langa og harða baráttu. En söfnuðurinn dó brátt, og Selkirk er nú eitt af uppáholdshreiðrum kyrkjunnar. Í Minnesota var myndaður söfnuður, en er nú dauður. Í Pine Valley var söfnuði komið á fót, sem nú liggur banaleguna. Í Dakota var einnig myndaður söfnuður með eitthvað 60 nöfnum, en hann sálaðist rétt eftir fæðinguna, og hefir þó Dakota haft orð á sér að vera í fremstu röð hinna íslenzku byggða. Í Nýja Íslandi og Winnipeg vitið þér sjálfir, hvernig baráttan hefir gengið. Það hefir verið svona alstaðar. Það er eins og mæti manni einhver kuldablástur frá jöklum ofan, þegar menn fara að berjast fyrir þessu fagra málefni. Það kemur í mann skjálfti, og hrollurinn nístandi kaldur gagntekur hjarta og sál. Eg segi yður það satt, vinir mínir, að það getur enginn lifandi maður dæmt fyllilega um það eða fundið það og skilið, nema sá, sem reynt hefir, ekki einu sinni eða tvisvar heldur aftur og aftur, hvað það er, að koma til kunningja og vina og biðja þá að vera með hinu fegurstu og bezta máletni, að hafa álitnið þá svo andlega proskaða, að þeir mundu feginshendi taka bón vorri og leggja fram krafta sína, en fá þá hálfgjört nei eða algjört nei, og mega snúa frá þeim sneypfir, og játa fyrir sjálfum sér, að vonirnar góðu, sem vér byggðum á þeim, hafi að engu orðið, játa fyrir sjálfum sér,